

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Hafrannsóknarstofnun Kt. 470616-0830	Dags. eftirlits: 19. 12. 2016	Staðsetning stöðvar: Stað, Grindavík	Starfsleyfisflokkur: 4
Tengiliður: Matthias Oddgeirsson	Netfang: matthias.oddgeirsson@hafogvatn.is	Sími: 575 2350	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 12.12.2015	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Matthias Oddgeirsson	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Tilraunastöð. Í stöðinni er alinn þorskur, sandhverfa, bleikja, lax, hrognkelsi, steinbítur, hlýri og sæeyru.  Hámarkslífmassi í stöðinni er um 10 tonn en um 2 tonn voru í stöðinni er eftirlit fór fram.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?  Áætlaðar breytingar?	X			Fyrsta eftirlit UST/MAST  Engar breytingar eru áætlaðar á stöðinni eða starfsemi hennar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Gerðar eru mælingar vegna tilraunaeldis en ekki er skráð í rekstrardagbók skv. gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fiskeldis á landi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Ekki er krafa í starfsleyfi um að ársskýrsla sé send eftirlitsaðila en hún skal vera aðgengileg í eftirlitum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar en bent er á að vinna þarf þessar áætlanir og skila til eftirlitsaðila sem allra fyrst. Upplýsingar varðandi þessi atriði hafa verið sendar rekstraraðila.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Skila þarf inn afriti af tryggingaskýrteini skv. lögum nr. 33/2004.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar er ekki til staðar en bent er á að vinna þarf áætlunina og skila til eftirlitsaðila sem allra fyrst.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Umhverfismarkmið og umhverfisstefna
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Handfóðrun en vel fylgst með fódurmagni og allt skráð v. tilraunaeldisins.
Er skráning á losun fósfora og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Bent er á að gera þarf mælingar til að meta losun efna í umhverfið skv. gr. 1. 4 í starfsleyfisskýrðunum
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða?	X			Frárennslis liggur niður í fjöru þar sem er mjög brimasamt og góð vatnsskipti í fjöruborðinu. Til stendur að sameina frárennslid við nýtt frárennslis Íslandsbleikju en ekki

Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				er komin tímasetning á þá framkvæmd.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Sjá fyrri lið
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Losað í sjó, um 300m lögn frá húsi að fjöru.
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			X	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			X	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			X	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			X	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Allur úrgangur er sóttur á vegum sveitarfélagsins og settur í brennslu í Kólku.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Bent er á að vinna þarf vöktunaráætlun fyrir starfsemina.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			x	Á ekki við

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Bent er á að gera þarf mælingar sem allra fyrst og senda niðurstöður þeirra til eftirlitsaðila um leið og þær berast.

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila.	
<b>Samantekt:</b>	Stöðin var snyrtileg á að líta og vel við haldið. Um lítið tilraunaeldi er að ræða og því ekki mikil losun frá stöðinni. Borhola er samnýtt með Íslandsbleikju og til stendur að sameina einnig frárennslið.
<b>Frávik</b>	Engin frávik komu fram við eftirlitið
<b>Athugasemdir</b>	Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið.  Athugasemdir eru einnig gerðar við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar og vöktunaráætlun. Bent er á að vinna þurfi þessar áætlanir og senda til eftirlitsaðila.
<b>Annað</b>	

Undirskrift eftirlitsmanns:

*G. Stella Arnadóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hafrannsóknarstofnun Stað, Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	19.12.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hafrannsóknarstofnun	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Stað	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470616-0830	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Matthias Oddgeirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar útrunnið starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Einnig eru gerðar athugasemdir við að áhættumat, viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, vöktunaráætlun og neyðaráætlun vantar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfiskilyrði fyrir fiskeldi á landi og þær kröfur sem þar koma fram.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Stöðin var snyrtileg á að líta og vel við haldið. Um lítið tilraunaeldi er að ræða og því ekki mikil losun frá stöðinni. Borhola er samnýtt með Íslandsbleikju og til stendur að sameina einnig frárennslið.

#### Frávik frá

Gr. 11.c í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999

#### Lýsing á frávik

Rekstraraðila ber að hafa gilt starfsleyfi til reksturs fiskeldisstöðvarinnar. Rekstraraðili var með leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja en það rann út þann 12. 12. 2015. Bent er á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið.

Athugasemdir eru einnig gerðar við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar og vöktunaráætlun. Bent er á að vinna þurfi þessar áætlanir og senda til eftirlitsaðila.

### ANNÆÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp.

Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskirteini vegna bráðamengunar skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

Skv. starfsskilyrðum fyrir fiskeldi á landi ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

Reykjavík, 04.01.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir